

151/25
253.31
253.1



SAMNINGUR

F.H. og Hafnarfjarðarþæjar

um byggingu íþróttahúss í Káplakrika

Janúar 1989

SAMNINGUR UM BYGGINGU ÍPRÓTTAHÚSS Í KAPLAKRIKA



Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og Fimleikafélag Hafnarfjarðar gera hér með svofelldan samning um byggingu ípróttahúss á félagssvæði FH í Kaplakrika:

1. gr.

Samningsaðilar munu byggja ípróttahús að stærð ca. 44 x 44 metra í Kaplakrika í samræmi við ákvæði fyrirbyggjandi útboðsskilmála, merktir "alútboð" janúar 1989, og teljast þeir hluti samnings þessa.

Húsið skal vera alhliða ípróttahús fyrir allar ípróttagreinar, sbr. samþykkt þings íBH 1987.

2. gr.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar leggur alla búningsaðstöðu fyrir ípróttahúsið, svo og aðstöðu fyrir kennara og baðverði í núverandi búningshúsi (stúku) FH í Kaplakrika, samkvæmt nánari skilgreiningu Hafnarfjarðarbæjar um þarfir til þessa. Búningsaðstaðan verði fullbúin eigi síðar en verklok við ípróttahúsið. Skal gera sérstakan húsaleigusamning um afnot þessi og liggi hann fyrir eigi síðar en 1. júní 1989.

3. gr.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar mun byggja á sinn kostnað og fullbúa yfirbyggingu forsalar ásamt salernisaðstöðu, þ.e. 2. hæð tengibyggingar og skal framkvæmdum lokið eigi síðar en verklok verða við ípróttahúsið skv. tímasetningum útboðsskilmála. 1. hæð tengibyggingar, tækjageymslur o.fl. telst verkhluti við ípróttahús skv. kostnaðarskiptingu 4. greinar samnings þessa.

4. gr.

Samningsaðilar munu kosta byggingu ípróttahússins sameiginlega, þannig að Hafnarfjarðarbær greiðir alls 80% alls byggingarkostnaðar, en Fimleikafélag Hafnarfjarðar greiðir 20% byggingarkostnaðar, sbr. þó 3. gr. er varðar 2. hæð tengibyggingar.

JBB
FAS.

Aðilum er kunnugt um þau áform FH að leitast við að ná samningum við væntanlegan verktaka við gerð endanlegs verksamnings, með það fyrir augum að FH verði sjálfstæður greiðandi síns kostnaðarhluta (20%), án afskipta eða hlutdeildar bæjarfélagsins þar um.

5. gr.

Áætlað er að bygging hússins geti hafist í febrúar 1989 og lokið í febrúar 1990.

6. gr.


Húsið skal vera alhliða íþróttahús til notkunar fyrir öll íþróttafélög innan vébanda ÍBH, sem mun að óbreyttu annast tímaúthlutun til félaganna með sama hætti og nú er úthlutað tímum í íþróttahúsum bæjarins. Jafnframt verði húsið nýtt til lögbundinnar íþróttakennslu eftir því sem þörf er á.

7. gr.

Húsið skal vera sameign Hafnarfjarðarbæjar og FH í hlutföllunum 80-20 til 1. janúar 2005, en að loknum þeim tíma skal FH eignast húsið að fullu og öllu og reka það frá þeim tíma á sína ábyrgð og sinn kostnað. Fram til þess tíma nýtir Hafnarfjarðarbær húsið til kennslu og úthlutunar til íþróttafélaganna í Hafnarfirði og til annarra nota. Eftir 1. janúar 2005 mun FH leitast við að húsið nýtist sem best fyrir íþróttafélög innan vébanda ÍBH og íþróttæsku bæjarins almennt, enda verði eftirspurnin meiri en framboðið á íþróttahúsnæði áfram fyrir hendi í bænum.

8. gr.

Rekstur íþróttahússins, tekjur og gjöld, skal vera í höndum Hafnarfjarðarbæjar til 1. janúar 2005, en frá þeim tíma á vegum FH. Með rekstri er átt við starfsfólk hússins, hita, rafmagn og útleigu, viðhald o.fl. Gera skal sérstakan rekstrarsamning um húsið, þar sem m.a. verði kveðið á um viðhald, sumarafnot, auglýsingar og annað. Samningurinn liggi fyrir 1. júní 1989.



Handwritten initials and signature in the bottom right corner.

Samningi þessum til staðfestu undirrita aðilar hann í viðurvist tveggja votta.

Hafnarfirði, 7. janúar 1989.

Hafnarfirði 10. jan '89.

F.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar:

F.h. Hafnarfjarðarvæjar:

Björgvin Friðriksson
Gunnar Magnússon
Ólafur Sigurðsson
Ólafur Björnsson
E. Þórarinn Magnússon

Gudni Stefnir




Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði útgefenda:

Vottat:
Gunnar Rafn Magnússon

Ólafur Magnússon
Ólafur Magnússon

Fylgiskjöl með samningi þessum eru:
 1. Útboðsskilmálar.

JSB
 GAT.